AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá kaldavatnsveitu Grímsnes- og Grafningshrepps.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps auglýsir breytingu á gjaldskrá kaldavatnsveitu sveitarfélagsins. Samþykkt er að tengigjöld (stofngjöld) í gjaldskrá kaldavatnsveitu sveitarfélagsins vegna ársins 2003 hækki um 4,63%.

Gjaldskráin er eftirfarandi:

Vatnsgjald 0,2 hundraðshlutar af fasteignamati eignar skv. 7. gr. laga nr. 81/1991, með síðari breytingum skv. ákv. 3. gr. laga nr. 149/1995, með síðari breytingum skv. ákv. 1. gr. laga nr. 143/2000.

Tengigjald (stofngjald) á lögbýli að meðtöldu einu íbúðarhúsi verður kr. 263.253.

Tengigjald fyrir frístundahús (sumarhús) og íbúðarhús verður kr. 133.405.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 25. mars 2003.

Guðmundur Rúnar Svavarsson sveitarstjóri.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs.

1. gr.

Hitaveitan selur heitt vatn til íbúðarhúsa og smærri notenda úr veitukerfi sínu eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari og reglugerð fyrir Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs.

2. gr.

Vatnsrennsli að hitunarkerfi og neysluvatnslögn húss skal takmarkað um stillanlega hemla og miðast gjald hitaveitunnar við það magn sem hemill fyrir hitunarkerfi húss er stilltur á.

3. gr.

Lágmarksrennsli fyrir hvern notendahóp er sem hér segir:

1) einbýlishús án bílskúrs	3 l/mín.
2) einbýlishús með bílskúr	4 l/mín.
3) sumarhús	2,5 l/mín.
4) iðnaðarhúsnæði	2,5 l/mín.
5) lögbýli	4 l/mín.

Lögbýli hafa kauprétt á allt að 15 l/mín.

4. gr.

Hver lítri á mínútu kostar kr. 16.800 á ári, án fastagjalds og virðisaukaskatts. Notendur sem kaupa 4 l/mín. eða minna greiða einnig fastagjald kr. 7.548 á ári, auk virðisaukaskatts.